

LAN reglur

1. Allir sem ætla að taka þátt verða að ganga frá miðakaupum á <https://1337.is>
2. Allir þátttakendur sem eru **yngri en 18 ára þurfa að skila leyfisbréfi** þegar komið er á staðinn.
3. Ekki er boðið upp á sérstaka gistaðstöðu og eru þátttakendur hvattir til þess nýta nóttina þegar ekki er dagskrá í gangi til þess að fara heim og ná góðum nætursvefni.
4. Þátttakendur koma með sinn eigin tölvubúnað. Nánari útlistun á nauðsynlegum búnaði er hér að neðan.
5. Ekki er leyfilegt að fara út með tölvur og skjái milli kl. 23:30 og 8:00. Þátttakendur eru hins vegar hvattir til þess að taka verðmæta lausamuni, s.s. heyrnartól, mýs, lyklaborð o.s.frv. með sér heim á kvöldin þar sem ekki er tekin ábyrgð á tölvubúnaði þátttakenda.
6. Kubburinn er áfengis-, vímuefna-, rafrettu- og tóbakslaus viðburður og varðar neysla þessara efna við brottrekstur.
7. Hver þátttakandi fær u.þ.b. 100cm x 70cm borðpláss fyrir allan sinn búnað.
8. Sjoppa verður á staðnum sem selur pizzur, gos, sælgæti o.fl. en þátttakendum er einnig frjálst að koma með eigið nesti.
9. Húsið opnar föstudaginn 30. september kl. 15:00 og lokar kl. 20:00 á sunnudaginn 2. október.
10. Brot á reglum þessum varða við brottrekstur af LANinu án endurgreiðslu.

LAN búnaður sem þátttakendur þurfa að koma með

1. Fjöltengi
2. Tölva
3. Tölvuskjár (eitt stykki)
4. Lyklaborð
5. Mús
6. Músamotta
7. Allar snúrur – bæði rafmagns- og netsnúrur.

Hlutir sem má EKKI koma með á LANið

1. Ísskápar
2. Hátalarar
3. Óþörf raftæki s.s. samlokugrill, vöfflujárn, hárbílsarar og örbylgjuofnar.

Leyfisbréf

Kæra foreldri/forráðamaður

Nú er komið að Kubbum, LANi Tækniskólans.

Það er mjög mikilvægt að þið lesið vel yfir þetta skjal og kynnið ykkur reglur LANsins, sem finna má á meðfylgjandi reglublaði, svo þið getið séð til þess að barnið ykkar viti af þeim öllum svo að allt gangi vel og allir geti skemmt sér.

Fyrst og fremst er LANið 200-300 manna tölvuleikjamót þar sem keppt verður í ýmsum leikjum.

Viðburðurinn fer fram frá föstudeginum 30. september kl. 15:00 til sunnudagsins 2. október kl. 19:00.

Miðaverð er 5000 krónur.

Einstaklingar undir 18 fá ekki að koma inn fyrr en leyfisbréfinu hefur verið skilað.

Pizzur, gos og aðrar veitingar verða til sölu á staðnum en þátttakendum er frjálst að koma með nesti.

Húsið opnar ekki fyrr en kl. 15:00 og er því ekki leyfilegt að koma fyrr, því þá er enn verið að setja allt upp.

Hver þátttakandi hefur afmarkað svæði fyrir sig og sinn tölvubúnað og ber að virða það (ca. 100cm x 70cm).

Skipuleggjendur áskilja sér fullan rétt til að vísa fólki út sem eru með vandræði eða fylgja ekki reglum.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Valda, félagsmálafulltrúa Tækniskólans:

valdi@tskoli.is

s. 698 3857



Ég _____, Sími _____, e-mail _____.

Hér með veiti barni mínu, _____, kt _____

leyfi til þess að taka þátt í LANi Tækniskólans þann 30. september til 2. október

2022